

Miðvikudaginn 23. nóvember 1949.

Kærumálið nr. 18/1949.

Lúðvík Kjartansson

gegn

Njáli Gunnlaugssyni.

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson
og Valdimar Stefánsson sakadómari í
stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.
Jóns Ásbjörnssonar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 5. þ. m., sem Hæstarétti barst 11. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð uppboðsréttar Akureyrar, þar sem synjað er kröfu sóknaraðilja um uppboð á vélskipinu Eyfirðingi, E. A. 480. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir uppboðshaldara að framkvæma uppboð á nefndu skipi til lúkn-ingar á skuld varnaraðilja við hann.

Af hendi varnaraðilja hafa hvorki kröfur né greinargerð borizt Hæstarétti í málinu.

Samkvæmt 5. lið a 198. gr. laga nr. 85/1936 tekur kærumeðferð í Hæstarétti ekki til úrskurðar uppboðshaldara um það, hvort uppboð skuli yfir höfuð fara fram eða ekki. Mál þetta hefur því ranglega verið kært til Hæstaréttar, og ber að vísa því frá dómi.

Þar sem krafa um málskostnað hefur ekki verið gerð af hendi varnaraðilja, fellur málskostnaður niður.

Dómsorð :

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Akureyrar 5. nóv. 1949.

Björn Halldórsson hdl., Akureyri, hefur með bréfi, dags. 29. f. m., beiðzt uppboðs á vélskipinu Eyfirðingi, E.A. 480, til fullnustu sjóveðs-kröfu Lúðvíks Kjartanssonar, skipverja á skipinu sl. sildarvertíð, að upphæð kr. 1074.44, auk vaxta og uppboðskostnaðar, en sjóveðréttinn hefur hann fengið viðurkenndan með dómi, og fjárnám fyrir dóminum fór fram 25. f. m. Eigendur skipsins eru Njáll Gunnlaugsson útgerðar-

maður, Reykjavík, og dánarbú Hjartar Lárussonar, Akureyri. Njáll Gunnlaugsson hafði eignarhluta dánarbúsins í skipinu á leigu á sildarvertiðinni í sumar og gerði skipið út einn saman, en áður höfðu eigendurnir báðir gert út skipið saman undir firmanafninu Útgerðarfélag Eyfirðings.

Skilanefnd samkvæmt II. kafla laga nr. 100 29. des. 1948 hefur tilkynnt, sbr. dskj. nr. 4, að Njáll Gunnlaugsson f. h. Útgerðarfélags Eyfirðings hafi beiðzt aðstoðar samkvæmt nefndum kafla sömu laga. Samkvæmt 16. gr. tilvitnaðra laga er óheimil hvers konar aðför vegna skulda útgerðarmanns, er sótt hefur um slíka aðstoð, þar til er skilanefnd hefur afgreitt mál hans. Ákvæði þessi þykir verða að skilja svo, að einnig nauðungarupboð séu óheimil á hinum tiltekna tíma.

Skilanefndin hefur ekki tilkynnt, að hún hafi afgreitt aðstoðarbeiðni Njáls, og þykir því uppboðsheimild að svo komnu ekki vera fyrir hendi. Verður framangreind uppboðsbeiðni því ekki tekin til greina að svo stöddu.

Því úrskurðast:

Uppboðsbeiðni Björns Halldórssonar hdl. f. h. Lúðvíks Kjartanssonar á vélskipinu Eyfirðingi, E.A. 480, verður ekki tekin til greina að svo stöddu.

Mánudaginn 28. nóvember 1949.

Nr. 137/1949. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Garðari Ólasyni (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson
og próf. Ármann Snævarr í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ás-
björnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóupprátt nr. 64 frá 1948 stað þann, er stjórnarmenn varðskipsins mældu hinn 22. júlí 1949, og reyndist staðurinn 0.8 sjómíllur innan landhelgis-